



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við vígslu nýbyggingar
Farfuglaheimilisins í Reykjavík
15. júní 2001**

Góðir gestir

Það er svo sannarlega tilefni til að óska Bandalagi íslenskra farfugla til hamingju með hið glæsilega farfuglaheimili sem vígt er hér í dag.

Heimilið er í senn lofsvert og merkilegt framlag til að auka getu okkar Íslendinga til að taka við góðum gestum víða að úr veröldinni.

Hér er góð aðstaða til hvíldar og endurnæringar, samræðna og íhugunar að loknum annasömum degi við að kynnast menningu og mannlífi, náttúrufegurð og fjölmörgum merkisstöðum sem jafnan fanga athygli þeirra sem heimsækja okkur.

Farfuglaheimilið býður á vinalegan hátt alla velkomna til gistingar og andinn sem hér svífur yfir hvetur til þess að góðar minningar festist í huga. Ferðin verður tilefni lærdóms og þroska auk þess að veita skemmtan og gleði.

Það er öllum hollt að heimsækja aðra, skyggnast um í veröldinni og sjá sjálfan sig á þann hátt í nýju ljósi. Bandalag íslenskra farfugla hefur í röska hálföld stuðlað að því að hundruð þúsunda ferðamanna hafa átt kost á því að kynnast Íslandi án þess að þurfa að reiða fram digran sjóð í ferðakostnað. Hugsjónin sem verið hefur leiðarljós á rætur í þeirri sannfæringu að með auknum samskiptum gerum við heiminn betri, stuðlum að dýpri skilningi á þeirri fjölbreytni sem felst í sambúð margra þjóða, eflum virðingu fyrir náttúrunni og mikilvægi þess að vernda umhverfið, glata ekki gæðum þess þó maðurinn verði sífellt þurftafrekari.

Mig langar við þetta tækifæri að þakka Bandalagi íslenskra farfugla fyrir frumkvæðið sem fólst í mótun umhverfisstefnunnar sem kynnt var á 60 ára afmæli Bandalagsins. Þar birtist okkur skörp sýn á þær skyldur sem á okkur hvíla og á margvíslegan hátt er sýnt hvernig við getum hagað

atferli okkar og umgengni svo að umhverfisgæðin haldist í fullu gildi þótt gestum fjölgi ár frá ári.

Bandalagið hefur þannig áréttað nauðsyn þess að við Íslendingar kappkostum að varðveita eðalkosti hins óspillta umhverfis um leið og við eflum og bætum aðstöðuna til að taka á móti því góða fólki sem í vaxandi mæli kys að sækja okkur heim.

Í þessu glæsilega nýja farfuglaheimili verður umhverfisstefna Bandalagsins leiðarljós í daglegri umgengni og þar með vísið þið öðrum veginn, komi til skila brýnum boðskap.

Það er stundum sagt að ferðaþjónustan verði mikilvægasta atvinnugrein nýrrar aldar og víst er að hún skipar sífellt mikilvægari sess í þjóðarbúskap okkar Íslendinga. Hún er í senn fjölbreytt og fjölmenn gestasveitin sem hingað stefnir og því skiptir miklu að fjölbreyttir kostir séu í boði.

Við opnun hins nýja farfuglaheimilis fögnum við góðum áfanga á þeirri braut og þökkum framtak og framsýni sem hér býr að baki.

Á komandi árum munu þúsundir fara héðan með góðar minningar og þökk í huga, berandi vitni um gestrisni og menningarbrag íslenskrar þjóðar.

Ég óska Bandalagi íslenskra farfugla til hamingju á þessum hátíðardegi og vona að gleði og gæfa fylgi öllum þeim sem hér munu gista.